



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjörður 19.4.2017

Undirbúningur er hafinn fyrir LÚR listahátíð ungs fólks sem haldin hefur verið á Ísafirði undanfarin sumur í Edinborgarhúsinu og víðar. Hátíðin verður 20. til 25. júní og er ætluð ungu fólki á aldrinum 14 til 29 ára

Við förum þess á leit við Ísafjarðarbæ að hann leyfi vinnuskólakrökkum að fá launað leyfi til að taka þátt í smiðum á vegum hátíðarinnar 20. – 23. júní ef þau óska eftir og enn fremur óskum við eftir því að Ísafjarðarbær greiði einu ungmenni laun í mánuð til að skipuleggja og sjá um hátíðina

Eins og undanfarin ár mun Menningarmiðstöðin Edinborg bera ábyrgð á verkefninu og vera krökkunum innan handar um stjórnun og skipulag

Fyrir hönd
Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir